



Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða 2008

Þorleifur Eiríksson
Hulda Birna Albertsdóttir

NV nr. 26-08

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	3
<i>Hlutverk</i>	3
<i>Skipulag</i>	4
<i>Stjórn</i>	4
<i>Starfsmenn</i>	4
<i>Áhugaverðir viðburðir á árinu</i>	5
<i>Starfsemi</i>	7
<i>Verkefni og rannsóknir 2008</i>	7
<i>Ósvör - Sjóminjasafn</i>	10
<i>Náttúrugripasafn Bolungarvíkur</i>	10
<i>Grasagarðar Vestfjarða</i>	10
<i>Samstarf</i>	11
<i>Niðurlag</i>	13
<i>Skýrslur 2008</i>	14

Inngangur

Náttúrustofa Vestfjarða hóf starfsemi sína í ársbyrjun 1997 og er árið 2008 því ellefta starfsárið. Náttúrustofan hefur stækkað í gegnum árin, en hún byrjaði bara með einn starfsmann 1997 en það var forstöðumaðurinn, Þorleifur Eiríksson. Nú eru 8-13 starfsmenn, sem takast á við margvísleg verkefni sem unnin á stofunni.

Hlutverk

Í 11. grein laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 eru hlutverk náttúrustofa svohljóðandi:

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,*
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,*
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,*
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,*
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra*

Náttúrustofu er heimilt að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

Skipulag

Verkefni Náttúrustofu Vestfjarða eru margvísleg en hún sinnir grundvallarþjónustu í ráðgjöf um náttúrufræði og umhverfismál fyrir sveitarfélög og almenning.

Stjórn

Samkvæmt 12. grein laga um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur skipar sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu þriggja manna stjórn og skal einn þeirra vera formaður.

Formaður:

Þorleifur Ágústsson, tilnefndur af Ísafjarðarbæ.

Til vara: Hildur Halldórsdóttir.

Meðstjórnendur:

Jóhann Hannibalsson, tilnefndur af Bolungarvíkurkaupstað.

Til vara: Sólrún Geirsdóttir.

Valgeir Rúnar Hauksson, tilnefndur af Súðavíkurhreppi.

Til vara: Barði Ingibjartsson.

Starfsmenn

Dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður

Böðvar Þórisson

Guðrún D. Steingrímsdóttir

Gunnar Sigurðsson

Leifur Þór Þorvaldsson

Cristian Gallo

Helga Jónsdóttir

Kristjana Einarsdóttir

Þorgerður Þorleifsdóttir

Hafdís Sturlaugsdóttir

Snædís Björgvinsdóttir

Katharina Sommermeier

Sóley Valdimarsdóttir

Ragnar Edvardsson

Caroline Paulsen

Áhugaverðir viðburðir á árinu

Kornhæna sást í annað sinn á Íslandi.

Kornhæna (*Coturnix coturnix*) sást við bæinn Hól í Önundarfirði sumarið 2008. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem evrópsk kornhæna sést á Íslandi en hún hafði sést einu sinni áður á Húsavík.

Kornhænan er lítil fugl og þekkt vel á hljóðinu. Hún er felugjörn og heyrir þá frekar í henni en að hún sjáist. Kornhæna er farfugl en verpir í suður Evrópu og er Ísland ekki beint viðkomustaður hennar, því er ekki hægt að segja með vissu hvernig hún komst í Önundarfjörðinn. Myndin sem Böðvar náði af Kornhænunni birtist í sænska tímaritinu Road runner grein um mismunandi fugla sem sést hafa á Íslandi.



Mynd 1. Kornhænan í Önundarfirði.
Mynd: Böðvar Þórisson

Bjalla fannst í þvottaklemmu

Bjallan *Lyctus brunneus* fannst í þvottaklemmum. Þessi bjalla þrífst best í viðartegundum og getur t.d. valdið skemmdum á parketi. Kvendýrið verpir eggjum sínum í rifur og æðar viðarins, og þau klekjast út á um það bil 14 dögum. Lirfan nærast á viðarsterkjunni þar til hún hefur náð fullri stærð, sem getur tekið frá tveimur til tólf mánuðum. Það er á lirlustiginu sem skepnan veldur skemmdum á viðnum. Eftir þúpastigið nagar fullvaxin bjallan sér leið út úr viðnum, og skilur eftir sig tóma skel og úrgang sem líkist fínu sagi.



Mynd 2. Bjallan *Lyctus brunneus* nýskriðin úr þúpuhamnum í klemmuni.

Evrópsk húsakrybba (*Acheta domesticus*) fannst á Leikskólanum Sólborg á Ísafirði.

Böðvar Þórisson, Tómas G. Gunnarsson og Vigfús Eyjólfsson fóru til Póllands á ráðstefnu og voru þar með veggþjaldasýning um sandlóur.

Náttúrustofa Vestfjarða aðstoðaði við að merkja jaðrakan hér á landi sem var liður í alþjóðlegum leiðangri, undir stjórn Pete Potts.



Mynd 3. Húsakrybba.

Bird fair

The British Birdwatching Fair var haldin í Ruthland, Englandi á árinu og fóru fulltrúar frá Vestfjarðum til að kynna svæðið. Þetta var í fyrsta skiptið sem Ísland hefur haft fulltrúa á þessari sýningu. Jón Páll Hreinsson, forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða, og Böðvar Þórisson frá Náttúrustofu Vestfjarða kynntu Vestfirði sem kjörinn stað til fuglaskoðunar. Kynningin gekk svo vel að allir bækingarnir sem voru prentaðir fyrir hana kláruðust.



Mynd 4. Böðvar Þórisson og Jón Páll Hreinsson. Tekið af bb.is.

Fuglaskoðunarnámsskeið á Ísafirði. Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Haldið var fuglaskoðunarnámsskeið 16.-17. maí í samvinnu við Ferðamálasamtök Vestfjarða. Leiðbeinandi námskeiðisins var Böðvar Þórisson líffræðingur á Náttúrustofu Vestfjarða. Námskeið þetta var einkum ætlað fólki úr ferðapjónustu. Aðal efni námskeiðisins voru íslenskir varpfuglar og farfluglar. Farið var í nokkrar greiningar á tegundum, búsvæði þeirra, og hvenær sé best að sjá ákveðna tegund. Þar var farið í stofnstærð ákveðina tegunda, lög, reglur og alþjóða samþykktir og í eina vettvangsferð.

Skólaheimsóknir

Skólaheimsóknir á Náttúrugripasafn Bolungarvíkur hafa verið fastur liður síðustu ár og var engin undantekning þetta árið. Nemendur sem sóttu safnið voru á mismunandi aldri, frá leikskóla upp í menntaskóla og komu menntskælingar frá Ísafirði einnig með félagu sína frá Frakklandi í heimsókn. Hefð er orðin fyrir því að nemendur leikskóla og ákveðinna bekkja grunnskóla í nágrenninu sækji safnið heim. Þá er safnið notað í verkefnavinnu tengdri því sem krakkarnir eru að læra í sínum skóla með aðstoð starfsmanna Náttúrustofunnar.



Mynd 5. Hryggleisingjar skoðaðir.



Mynd 6. Mikil einbeitning við lausn fuglaverkefna.



Mynd 7. Hver ætli sé með stærstu tennurnar?

Starfsemi

Eitt af meginhlutverkum Náttúrustofunnar er að safna heimildum um náttúru Vestfjarða. Þar gegnir bókasafn stofunnar lykilhlutverki. Bókasafnið hefur vaxið ár frá ári og er nú allt tölvuskráð. Skýrslur eru í meirihluta þar sem þær eru oft til í örfáum eintökum og erfitt að finna þær á bókasöfnum.

Ráðgjöf fyrir Sveitarfélög

Aðstoð við sveitafélög er mikilvægur hluti af starfseminni og felur í sér þátttöku í margskonar vinnufundum og vinnuhópum. Séu einstök verkefni fyrir sveitarfélög viðamikil er samið um þau sérstaklega, en nokkur verkefni koma fram í kaflanum um verkefni og rannsóknir 2008.

Þjónusta við almenning

Aðstoð við almenning verður sífellt viðameiri í starfsemi stofunnar. Fyrirspurnum um hvað eina sem viðkemur náttúru Vestfjarða fjölgar stöðugt og er reynt að leysa úr hverju tilfelli. Það hefur einnig færst í aukana að fólk vilji fá greiningu á kvikindum sem finnast í húsum þeirra og hefur náttúrustofan sinnt því hlutverki.

Verkefni og rannsóknir 2008

Fjöl margar rannsóknir voru gerðar á vegum Náttúrustofu Vestfjarða árið 2008 og var stór partur af verkefnum á árinu verkefni fyrir Vegagerðina vegna vegaframkvæmda.

Náttúrustofan tók að sér gróðurrannsóknir, athugun á fuglum, leirum, fornleifum og sjónrænum áhrifum vegagerðarinnar á framkvæmdasvæði Vestfjarðavegar nr. 60.

Gerðar voru rannsóknir vegna fyrirhugaðra framkvæmda á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar þar sem byggja á jarðgöng og nýtt vegstæði. Náttúrustofan sá um rannsóknir á gróðri, fuglalífi og fornleifum á áhrifasvæðinu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja góðar og öruggar samgöngur á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Leiðbeiningar voru gerðar fyrir verktaka um meðferð á svarðlagi vegna framkvæmda við Dettifossveg. Svarðlag eru efstu 20 sm af jarðveginum. Í því er mikið af plöntum, næringarefnum og einnig fræforði sem er mjög mikilvægt að geyma til að viðhalda vistkerfinu á stað sem raskað hefur verið. Í framhaldi af því verkefni fór Vegagerðin þess á leit við Náttúrustofuna að taka saman leiðbeiningar fyrir verktaka um meðferð á svarðlagi og var því einnig lokið á árinu.

Náttúrustofan sótti um styrk til rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar til að gera samanburðarrannsóknir á dýralífi við Dýrafjörð og Önundarfjörð. Gerðar voru góðar úttektir á dýralífi 1979 og 1984-1985 vegna brúarlagnar yfir Önundarfjörð og Dýrafjörð. Það er orðið langt um liðið frá því að firðirnir voru þveraðir og ættu áhrif þess á dýralíf að vera komin í ljós. Athugun á dýralífi eftir þverun var því orðin tímabær og ætti hún að nýtast við vegaáætlanir þar sem valið er að fara fyrir eða yfir fjörð. Fyrsta áfangaskýrslan kom út árið 2004 en árið 2008 komu út skýrslur um fuglalíf, botndýralíf og fjörur á þessum svæðum.



Mynd 8. Athuganir á leiru í Grunnafirði.

Náttúrustofan sá um forathuganir á fuglalífi og á leirum í Grunnafirði vegna hugsanlegra vegagerðar. Grunnafjörður (Leirárvogar) er norðaustan við Akranes í Borgarfjarðarsýslu. Athugaðar hafa verið styttingar á vegi milli Akranes og Borgarnes og hefur verið sett fram tillaga um veglínu um mynni Grunnafjarðar. Náttúrustofan sá einnig um gerð skýrslu um fjörur við Melabakka í Melasveit sem er í næsta nágrenni við Grunnafjörð.

Náttúrustofan gerði könnun á gróðri og gróðurlendum á hluta Glámuhálendis á Vestfjörðum að beiðni Orkubús Vestfjarða. Skráður var gróður við Dynjandisvog þar sem áætlaðar eru framkvæmdir



Mynd 9. Athugun á botndýralífi.

á vegum Ísafjarðarbæjar. Fyrirhugað er að leggja akfæran stíg að rotþró við tjaldsvæðið og bæta aðstöðu fyrir húsbíla og hjólhýsi.

Gerð var athugun á botndýralífi og umhverfisaðstæðum svo sem straumi og hitastigi sjávar í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi. Athugunin var gerð vegna endurnýjunar á starfsleyfi Álfsfells ehf vegna fiskeldis.

Fornleifadeild

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða er rekin sem fjárhagslega sjálfstæð eining innan stofunnar og fer umfang starfseminnar eftir verkefnum deildarinnar hverju sinni.

Baskar

Á opnum degi Strandagaldurs og Náttúrustofu Vestfjarða fór fram kynning á 17.aldar hvalveiðistöðinni, þar sem lýsisbræðsla fór fram. Þessi rannsókn er einstök fyrir íslenskar fornleifarannsóknir því litlar sem engar heimildir eru til um minjarnar og engar hvalveiðistöðvar hafa verið rannsakaðar áður á Íslandi. Engar heimildir eru fyrir því að erlendir hvalveiðimenn hafi verið með hvalveiðistöð á Íslandi á 17. öld. Þetta var á þeim tíma sem verslun og samskipti við útlendinga var að mestu leiti bönnuð. Leitast hefur verið til að fá sögu Íslands endurskrifaða, því engar heimildir voru fyrir veru þeirra á þessum tímapunkti.

Uppgröftur hefur staðið yfir í Koti í Rangárvallasýslu síðan 2005 og hefur ekki verið lokið.

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða hefur unnið að fornleifakönnun um björgunarrannsókn í Hrutey í Mjóafirði fyrir Vegagerðina.

Gerð var fornleifakönnun vegna skipulags á Borðeyri í Hrutafirði fyrir Bæjarhrepp. Endurskoðun var á skipulagi Borðeyrar og því fór Bæjarhreppur fram á að við fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða að hún tæki að sér að kanna hvort fornminjar leyndust á tilvonandi skipulagssvæði.

Ósvör - Sjóminjasafn


Ósvör er sjálfstæð stofnun, sem er rekin af Náttúrustofu Vestfjarða samkvæmt samningi við Bolungarvíkurkaupstað og er forstöðumaður Náttúrustofunnar jafnframt forstöðumaður Ósvarar.

Ósvör hefur aðeins verið rekin af Náttúrustofu Vestfjarða síðan 2007 og þetta því annað árið sem Náttúrustofan rekur Ósvör.

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur er sjálfstæð stofnun, sem er rekin af Náttúrustofu Vestfjarða samkvæmt samningi við Bolungarvíkurkaupstað og er forstöðumaður Náttúrustofunnar jafnframt forstöðumaður Náttúrugripasafnsins. Náttúrustofum er heimilt að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofnunar skal vera aðskilin.

Grasagarðar Vestfjarða



Mynd 10. Hugmynd að sýningarreit fyrir Grasagarða Vestfjarða.

Byrjað var á sýningarreit Grasagarða Vestfjarða í Bolungarvík með villtum íslenskum plöntum á lóð við hlið Félagsheimilis Bolungarvíkur. Hugmyndin var ekki alveg ný á nálinni því forstöðumaður náttúrustofunnar, Þorleifur Eiríksson og garðyrkjukona bæjarins Hlédís Hálfánardóttir höfðu rætt um þessa hugmynd í nokkur ár og mun Hlédís hjálpa við að halda garðinum vel til haga. Hugmyndinni var hins vegar hrint í

framkvæmd árið 2008. Teiknaðar voru upp hugmyndir af garðinum og bæjarstjórn Bolungarvíkur kynnt hugmyndin. Í bréfi til bæjarstjórnar var fjallað um nytsemi slíks garðs fyrir bæinn sem kennslugagn fyrir skólann, yndisauka fyrir plöntuáhugafólk í bænum og fyrir ferðamenn svo þeir hefðu meira við að vera í bænum. Garðurinn myndi einnig styrkja stöðu Náttúrugripasafnsins þar sem nú væri hægt að skoða steina, dýr og plöntur í Bolungarvík. Verkið er komið af stað, búið er að rista upp beð og byrjað að safna plöntum. Enn er þó mikill vinnu ólokið til að gera garðinn starfshæfann. Það verður spennandi verkefni næstu ára.

Samstarf

Samtök Náttúrustofa (SNS)

Alls starfa nú sjö náttúrustofur á landinu, en heimild er í lögum um að starfrækja átta stofur. Fyrsta náttúrustofan; Náttúrustofa Austurlands hóf starfsemi 1995, en síðan komu ein af annarri, Náttúrustofa Suðurlands (1996), Náttúrustofa Vestfjarða (1997), Náttúrustofa Vesturlands (1999), Náttúrustofa Norðurlands vestra (2000), Náttúrustofa Reykjaness (2000) og síðast Náttúrustofa Norðurlands vestra (2000). Þó að náttúrustofurnar starfi allar eftir sömu lögum og séu því líkar í grunninn hafa allar þróast eftir aðstæðum og hverjum stað og eru því með mismunandi áherslur.

Náttúrustofurnar hafa starfað náið saman frá byrjun, en árið 2002 var ákveðið að efla samstarfið enn frekar og þá voru stofnuð Samtök náttúrustofa (SNS). Forstöðumenn náttúrustofanna skiptast um formennsku í samtökunum.

Fræðsluerindi Náttúrustofanna


Sameiginlega standa náttúrustofurnar fyrir opnum fræðsluerindum sem send eru víða um land um fjarfundabúnað í hádeginu síðasta fimmtudag hvers mánaðar yfir vetrartímam. Stofurnar skiptast á að halda erindin. Þann 27. mars hélt Náttúrustofa Vestfjarða fyrirlestur um atferlisrannsóknir á kindum. Hafdís Sturlaugsdóttir landnýtingarfræðingur flutti fyrirlesturinn „Man sauður hvar gekk lamb“ og með hverjum? Atferlisrannsókn á sauðfé á Ströndum.

Fyrirlesturinn fjallaði um hluta af meistarprófsverkefni Hafdísar við Landbúnaðarháskóla Íslands. Fjallað var um tengslamyndun lamba og móður og hvernig þau tengsl þróast. Rannsóknin var gerð á árunum 2005-2007. Rannsóknarhópurinn voru venjulegar ær og forystuær á bæjunum Húsavík og Innra Ósi á Ströndum. Rannsóknin var bæði gerð í heimahögum og eins var skoðað hvar ærnar héldu sig á frjálstri beit.

Fyrirlestrarnir eru sendir út í fjarfundabúnaði út um allt land en á Vestfjörðum var hægt að fylgjast með fyrirlestrunum á Hólmavík, Patreksfirði, Ísafirði og í Bolungarvík.

Rannsóknarferð SNS

Dagana 7. – 10. júlí var farið í vísindaferð í Héðinsfjörð. Ferðin var farin í framhaldi af vel heppnaðri ferð í Geirþjófsfjörð á síðasta ári. Með í leiðangrinum voru nemendur frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri ásamt kennurum. Þeir aðstoðuðu við náttúrurannsóknir og var það liður í námi þeirra. Kortlagt var lífríki fjöru, kannað lífríki áa og vatna, úttekt gerð á gróðurfari, fuglalífi, landmótun og yfirborðsjarðfræði.



Mynd 11. Frá Héðinsfirði.

Háskólasetur Vestfjarða

Náttúrustofan kom að fyrirlestrum um fjörur og umhverfismál fiskeldis fyrir haf- og strandsvæðanemendur í vistfræðiáfanga sem þeir tóku.

Rannsóknir í Hornstrandafriðlandi

Rannsóknir í Hornstrandafriðlandi árið 2008 voru annars vegar heildarúttekt á svæðinu og samanburður á því við önnur svæði og hins vegar undirbúningur að vöktun friðlandsins og nálægra svæða.

Nokkur rannsóknarverkefni hafa verið gerð á refum á Hornströndum og má þar nefna fjölpjódlegt verkefni um refarannsóknir í Hornvík í samvinnu við Norsku heimsskautastofnunina, Stokkhólmsháskóla, Háskólann í Tel-Aviv og Líffræðistofnun háskólans. Var þetta sjöunda ár þessara rannsókna. Grein um rannsóknirnar bíður birtingar í ritinu *Proceedings of the Linnean Society*. Vöktun hefur verið á búsetu og fjölda refa í Hornvík og nágrenni í samvinnu við Líffræðistofnun Háskólans og Melrakkasetur Íslands. Verkefnið er sjálfstætt, en í tengslum við fjölpjóðlega verkefnið.

Rannsóknir voru gerðar á fuglum á Hornströndum með áherslu á Austur-Strandir. Framkvæmdar voru talningar sumarið 2008 og stendur úrvinnsla gagna yfir.

Haldið var áfram með vöktun á arnarstofninum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Talningar voru gerðar á



Mynd 12. Í Fuglatalningum á Hornströndum.

bjargfugli og unnið úr gögnum á Líffræðistofnun háskólans. Verkefnið er samstarfsverkefni Líffræðistofnunar háskólans, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknar-stofnunar.

Unnið var úr sýnum úr vatnakerfum sem safnað hafði verið á undanförunum árum og unnin rannsóknaráætlun fyrir gróður í Hornstrandafriðlandinu.

Nokkrir fyrirlestrar og kynningar voru haldnar um náttúru Hornstrandafriðlands fyrir ýmsa hópa á árinu 2008.

Niðurlag

Eins og sést á þessari skýrslu hefur starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða vaxið bæði að magni og umfangi. Þar er fyrst og fremst að þakka góðu starfsfólki, sem stofan hefur, en einnig að Náttúrustofan hefur verið heppin með samstarfsaðila bæði á Vestfjörðum og annars staðar á landinu.

Skýrslur 2008

- Anton Helgason og Hafdís Sturlaugsdóttir. 2008. *Gróðurathugun vegna Dýrafjarðarganga*. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 06-08, 15 bls.
- Böðvar Þórisson, Cristian Gallo og Þorleifur Eiríksson 2008. *Fuglatalningar í Grunnafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 17-08, 21 bls.
- Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2008. *Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði: Fuglar*. Áfangaskýrsla 5. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 19-08.
- Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2008. *Fuglaathuganir frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 13-08, 14 bls.
- Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2008. *Fuglaathuganir í Borgarfirði í Arnarfirði og innarlega í Dýrafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 02-08.
- Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2008. *Rauðbrystingur í Barðastrandarsýslum 2006 og 2007*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 01-08, 15 bls.
- Hafdís Sturlaugsdóttir og Cristian Gallo. 2008. *Athugun á gróðurlendum í Djúpaafirði í Austur-Barðastrandarsýslu*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 23-08, 11 bls.
- Hafdís Sturlaugsdóttir og Cristian Gallo 2008. *Gróðurathugun á Glámu*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 24-08, 14 bls.
- Hafdís Sturlaugsdóttir og Cristian Gallo. 2008. *Gróður við Dynjandisvog*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 12-08, 10 bls.
- Hafdís Sturlaugsdóttir. 2008. *Gróður í Kerlingarfirði og Kjálkafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 03-08, 17 bls.
- Hafdís Sturlaugsdóttir 2008. *Gróður frá Kjálkafjarðarbotni að Þingmannaá í Vatnsfirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 04-08, 14 bls.
- Hafdís Sturlaugsdóttir. 2008. *Leiðbeiningar um frágang eftir vegagerð vegna framkvæmda á Dettifossvegi*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 11-08, 6 bls.
- Hafdís Sturlaugsdóttir. 2008. *Leiðbeiningar um meðferð svarðlags við vegagerð*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 20-08, 7 bls.
- Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 07-08.

- Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen 2008. *Fornleifakönnun vegna ný- og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60. Frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 15-08, 20 bls.
- Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen 2008. *Fornleifakönnun vegna ný og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60. Frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði. Frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði*. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 16-08. 28 bls.
- Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. *Fornleifakönnun vegna vegaframkvæmda í Djúpafirði í Reykhólahreppi*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 25-08.
- Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. *Fornleifakönnun vegna skipulags á Borðeyri í Hrutafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 09-08, 17 bls.
- Paulsen, Caroline, Magnús Rafnsson og Ragnar Edvardsson. 2008. *Foreign Whaling in Iceland, Archaeological Excavation at Strákatangi in Hveravík Kaldrananeshreppi 2007*. Data Structure Report. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 05-08, 48 bls.
- Ragnar Edvardsson og Caroline Paulsen. 2008. *Björgunarrannsókn í Hrutey í Mjóafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 10-08. 19 bls.
- Vegagerðin 2008. *Hörksnes - Þingmannaá í Vatnsfirði í Vestur Barðastrandarsýslu, kynning á framkvæmdinni*. Vegagerðin. 20 bls.
- Vegagerðin 2008. *Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar*. Tillaga að Matsáætlun. Vegagerðin. 22 bls.
- Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. 2008. *Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði. Áfangaskýrsla 3. Rannsóknir á botndýrum í Dýrafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 08-08.
- Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2008. *Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði. Rannsóknir á fjörum í Önundar- og Dýrafirði. Áfangaskýrsla 4*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 21-08.
- Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. 2008. *Fjörur við Melabakka í Melasveit*. Náttúrustofa Vestfjarða.
- Þorleifur Eiríksson, Caroline Paulsen og Böðvar Þórisson. 2008. *Greinagerð um fornleifar nærri veglínu vegna vegagerðar frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði í Barðastrandarsýslum*. Náttúrustofa Vestfjarða.

Þorleifur Eiríksson, Kristjana Einarsdóttir, Cristian Gallo og Böðvar Þórisson. 2008. *Leirur í Grunnafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 18-08. 23 bls.

Þorleifur Eiríksson, Kristjana Einarsdóttir, Cristian Gallo og Böðvar Þórisson 2008. *Botndýrarannsóknir í Skutulsfirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 14-08. 17 bls.

Þorleifur Eiríksson, Kristjana Einarsdóttir, Cristian Gallo og Böðvar Þórisson. 2008. *Leirur í Kjálkafirði og Mjóafirði*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 22-08, 22 bls.